Helgi Birgisson hrl.

# Skýrsla skiptastjóra
# í þrotabúi Samsonar eignarhaldsfélags ehf.

Lögð fram á skiptafundi í búinu 20. febrúar 2009

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. nóvember 2008 var bú Samsonar eignarhaldsfélags ehf., kt. 490902-2520, Sigtúni 42, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður lögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins á úrskurðardegi.

Samson eignarhaldsfélags ehf. mun upphaflega hafa verið stofnað til þess að halda utan um hlutafjáreign í Landsbanka Íslands hf. Síðar hafi samþykktir félagins verið víkkaðar út og tilgangurinn þess látinn ná yfir almenna fjárfestingarstarfsemi. Fyrst og fremst hafði félagið þó það hlutverk að halda utan um eignina í Landsbanka.

Skiptastjóri hefur þegar haldið þrjá fundi með helstu kröfuhöfum þrotabúsins til að fjalla um hagsmuni þess, einkum hvað varðar tilboð sem hafa borist í 69% hlut þess í fasteignafélaginu Novator Properties Ltd., sem skráð er á Kýpur.

Friðrik Einarsson og Christian Uttrup hjá MP Banka hafa verið skiptastjóra til aðstoðar við mat og greiningu á framkomnum tilboðum í Novator Properties Ltd. MP Banka var ennfremur falið af skiptastjóra að taka að sér sölumeðferð á eignarhlut þrotabúsins í félaginu ásamt öllum þeim réttindum og skuldbindingum sem því fylgja.

Þá hefur þrotabúið gert samning við MP Banka um sölumeðferð á hlutdeild þess í sjóði sem ber nafnið Novator Credit Opportunity Fund, en sú fjárfesting er í gegnum félag sem ber nafnið Novator Finance Ltd og er skráð í Bretlandi.

Af hálfu þrotabúsins er þegar byrjað að innheimta útistandandi kröfur.

Þegar beiðni um gjaldþrotaskipti var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 12. nóvember 2008 og fylgdi henni yfirlit yfir eignir og skuldir félagsins (Management Accounts / Assets and liabilities).

Samkvæmt yfirlitinu voru eftirfarandi eignir í búinu:

| | |
|---|---|
| Fastafjármunir: | |
| Tæki og búnaður | 24.510.741 |
| Fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum | 106.894.031.408 |
| | 106.918.542.149 |
| Veltufjármunir: | |
| Útistandandi kröfur | 61.680.687.028 |
| Bankainnistæður | 3.687.093.918 |
| | 65.367.780.946 |
| Eignir samtals | 172.286.323.095 |

Fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum og útistandandi kröfur voru sundurliðaðar með eftirfarandi hætti:

| | |
|---|---|
| Fjárfestingar í öðrum fyrirtækjum | |
| Landsbanki Íslands hf. | 91.056.686.592 |
| Novator Properties (Cyprus) Ltd | 14.285.357.743 |
| Novator Credit Opp. Fund | 1.477.209.085 |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | 63.321.848 |
| Icelandic Group hf. | 11.456.140 |
| | 106.894.031.408 |
| Útistandandi kröfur | |
| Jointrace Ltd | 33.828.480.000 |
| Samson Global Holding Sárl | 15.242.523.060 |
| Afleiður | 5.148.960.487 |
| Aðrar kröfur | 7.460.723.481 |
| | 61.680.687.028 |

Staða eignasafnsins þann 20. febrúar 2009 hefur breyst umtalsvert. Ljóst er að verðmæti helstu fjárfestinga félagsins er allt annað og mun lægra en fram kemur hér að ofan. Auk þess hefur félagið stundað allnokkra lánastarfsemi á undanförnum árum til ýmissa félaga með litlum sem engum tryggingum. Hér verður lýst í megindráttum stöðu eignaliða:

**Fastafjármunir:**

Tæki og búnaður hafa verið seld.

Hlutabréfaeign í Landsbanka Íslands hf. er talin töpuð að fullu.

Fjárfesting í Novator Properties (Cyprus) Ltd. var gerð í upphafi árs 2008, þegar eign í Samson Properties var seld Novator Properties með allnokkrum hagnaði. Þrotabúið hefur verið í samningaviðræðum um ráðstöfun á hluta 69% hlut þess í Novator Properties og notið til þess aðstoðar MP Banka, eins og áður greinir. MP Banki mun kynna þá vinnu á skiptafundinum í dag. Fullyrða má að hugsanlegt söluverð eignarhlutans er mun lægra en skráð verð í bókum félagsins.

Fjárfesting í Novator Credit Opp. Fund er í raun fjárfesting í Novator Finance Ltd, einkahlutafélag, sem aftur á í vogunarsjóðnum Novator Credit Opp. Fund. NCOF hefur orðið fyrir nokkrum áföllum eins og fleiri slíkir sjóðir um þessar mundir og er líklegast að sjóðurinn verði leystur upp. Þrotabúið hefur með aðstoð MP Banka leitað leiða til að koma hlut sínum í verð, en verðmæti eignarhlutans liggur ekki fyrir á þessari stundu. Áætlað er að það geti verið tæpar 4 milljónir dollar.

Hlutabréfaeign í Hf. Eimskipafélagi Íslands er að nafnverði kr. 15.830.462 (veðsett Straumi). Lítil viðskipti hafa átt sér stað með bréf í félaginu. Samkvæmt nasdaqomxnordic.com var síðasta sala þann 12. febrúar 2009 á genginu 1 (3,5 millj.).

Hlutabréfaeign í Icelandic Group hf. er að nafnverði kr. 6.364.522. Þrotabúið þarf að sæta innlausn sinna bréfa og er innlausnarverðið kr. 127.290 sem greitt verður á næstu dögum.

**Veltufjármunir:**

Krafa á Jointrace Ltd með sjálfskuldarábyrgð Hf. Eimskipafélag Íslands. Samson eignarhaldsfélag ehf. og Landsbanki Íslands gerðu með sér samning 8. september 2008 um kaup Samsonar á kröfu bankans á hendur Jointrace Ltd., með sjálfskuldarábyrgð Eimskipafélagsins. Bankinn lánaði kaupverðið, 168 milljónir punda, og fékk m.a. veð í hlutabréfum Novator ehf. í NP ehf. (CCP ehf.). Til tryggingar skaðleysi Novator vegna veðsetningarinnar framseldi Samson til Novator kröfuna á hendur Jointrace/Eimskipafélagið. Þar til hlutirnir í NP hafa verið leystir úr veðböndum fer Novator með vörslur Jointrace kröfunnar og sér um innheimtu hennar. Veðið var metið á 50 milljónir dollara þegar það var tekið. Tillaga skiptastjóra er að ganga til samninga við skilanefnd Landsbankans um riftun á samkomulaginu frá 8. september 2008 um kaupin á kröfunni. Kröfulýsing bankans vegna þessarar viðskipta er uppá rúma 35 milljarða króna. Verði af samkomulagi við bankann myndu kröfu í búið lækka sem þeirri fjárhæð nemur.

Krafa á Samson Global Holding S.á.r.l. er í formi víkjandi reikningsláns (Subordinated revolving credit facility). Lánsamningurinn stendur nú í um 105 milljónum evra. Þrotabúið hefur tilkynnt skuldara um gjaldfellingu lánasamningsins og að búið telji sig ekki bundið af skilmála lánasamningsins um að krafa þess skuli víkja gagnvart öðrum skuldum. Skuldari hefur mótmælt afstöðu þrotabúsins.

Afleiður (framvirkir gjaldmiðlasamningar) eru annarsvegar hjá Glitni banka hf. (kaupmynt ISK 12.514.000.000/sölumynt EUR 100.000.000) með lokadagsetningu 14. apríl 2009 og hinsvegar hjá Standard Bank (kaupmynt ISK 25.340.250.000/sölumynt EUR 195.000.000) með lokadagsetningu 15. maí 2009.

Aðrar kröfur í ofangreindri sundurliðun á yfirliti yfir eignir og skuldir þann 7. október 2008 samanstanda af ýmsum kröfum, lánveitingum og/eða fjárfestingum félagsins að frádregnum skuldum að fjárhæð 1,6 milljarða króna. Ýmsar útistandandi kröfur félagsins nú eru u.þ.b. 7,6 milljarðar. Vega þar mest lánveiting upp á 3,1 milljarða til Hf. Eimskipafélags Íslands og 2,5 milljarðar til þriggja einkahlutafélaga, Forsíðu, MGM og Ólafsfell, til kaupa á hlutabréfum í Árvakri hf. ellegar til lánveitinga til sömu aðila. Þrotabúið hefur krafist kyrrsetningar í eignum þessara félaga og óskuðu þá þau tvö sem fyrr eru nefnd eftir gjaldþrotaskiptum. Þá eru greiðslur að fjárhæð 12 milljónir dollara til Bell Global Lux, sem sagðar eru til kaupa á hlutabréfum félags um hafnarverkefni í Pétursborg, greiðslur til Opal Global Invest (Tortola) kr. 580 milljónir og lán til Fjárfestingafélagsins Grettis ehf., kr. 393 milljónir, svo helstu aðilar séu nefndir. Erfitt hefur reynst að nálgast upplýsingar um sumar þessara greiðslna og þá aðila sem hafa þegið þær, enda í mörgum tilfellum um frekar rýrar upplýsingar að ræða í bókhaldi. Er því mjög erfitt að gera sér grein fyrir virði þessara krafna/eigna, sem margar hverjar hafa staðið óbreyttar í bókhaldi árum saman. Þrotabúið hefur ítrekað leitað eftir upplýsingum frá endurskoðanda félagsins varðandi mat þessara eigna í uppgjörum félagsins en eigi fengið svar.

Bankainnistæður þrotabúsins eru ekki allar á valdi búsins eins og er. Í umráðum búsins á reikningi þess í hinum nýja Landsbanka eru nú um 2,2 milljarðar króna. Í Kaupþing banka voru innistæður að fjárhæð um kr. 500.000 vegna innlausnar peningamarkaðssjóða, sem ekki hafa fengist afhentar. Ágreiningur er við bankann hvort honum sé heimilt að skuldajafna þessum innistæðum. Þá hefur þrotabúið mótmælt skuldajöfnun Straums Burðaráss

Fjárfestingarbanka á reiðifjárinnistæðum annars vegar að fjárhæð 19 milljónir evra og hins vegar á 182 milljónir króna. Þá hefur búið fengið staðfestingu frá þrotabúi Landsbanka Luxembourg S.A. um innistæður á reikningum þar samtals um 15 milljónir dollara. Að öðru leyti er óvissa um þessar innistæður vegna skiptameðferðar bankans.

Eins og sjá má af ofangreindri lýsingu ríkir veruleg óvissa um virði eigna þrotabúsins auk þess sem upplýsingar um eignirnar eru enn af skornum skammti. Á þessu stigi máls er því mjög óvarlegt að setja upp eignarhluta efnahagsreiknings þess.

Af hálfu þrotabúsins verður framhaldið tilraunum til að ráðstafa eignum þess og að fylgja eftir réttindum þess á hendur öðrum.

Reykjavík, 20. febrúar 2009,

Helgi Birgisson hrl.
Skiptastjóri

**Skrá um lýstar kröfur í þrotabú**

**Samsonar eignarhaldsfélags ehf.**

**kt. 490902-2520**

Frestdagur er 7. október 2008

Úrskurðardagur 12. nóvember 2008

Lok kröfulýsingarfrest 21. janúar 2009

Helgi Birgisson hrl.
Skiptastjóri

## Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabú Samsonar eignarhaldsfélags ehf.

| | | | | | Lýsing krafna | | | | | Afstaða skiptastjóra | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | Móttöku-dags | Kröfuhafi | Lögm./fyrirsv. | Tegund kröfu | Búskrafa skv. 110. gr. | Veðkrafa skv. 111. gr. | Forgangs-kröfur skv. 112. gr. | Almennar kr. skv. 113. gr. | Eftirst. kr. skv. 114 gr. | Búskrafa skv. 110. gr. | Veðkr. skv. 111. gr. | Forgangs-kröfur skv. 112. gr. | Almennar kr. skv. 113. gr. | Eftirst kr. skv. 114 | Aths. |
| 93 | 21.01.2009 | Hersir-ráðgjöf og þjónu | Vífill Harðarson | Kaupsamn. | | | | 180.000.000 | | | | | 123.852.766 | | Samþykkt með breytingu |
| 94 | | Autt | | | | | | | | | | | | | Autt |
| 95 | 21.01.2009 | Þorbjörg Valgeirsdóttir | Vífill Harðarson | Laun | | | 665.604 | | | | | 448.684 | | | Samþykkt að hluta |
| 96 | 21.01.2009 | Ragnar Ingi Pétursson | Vífill Harðarson | Laun | | | 960.436 | | | | | 660.473 | | | Samþykkt að hluta |
| | | | | **Samtals:** | **2.267.180** | **106.551.112.334** | **2.311.170** | **70.527.334.694** | **270.967** | **1.625.223** | **28.892.709.487** | **1.703.915** | **14.663.579.269** | **236.620.530** | |

Skrá þessi um lýstar kröfur, sem gerð er skv. 119. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 verður lögð fram á skiptafundi, sem verður haldinn í fundarsal Lögmannafélags Íslands, Álftamýri 9, Reykjavík, föstudaginn 20. febrúar n.k. kl. 10:00. Verði afstöðu skiptastjóra til viðurkenningar lýstra krafna ekki mótmælt í síðasta lagi á þeim fundi, mega þeir sem hlut eiga að máli, vænta þess að hún teljist þar með endanlega samþykkt.

Reykjavík, 12. febrúar 2009

Helgi Birgisson hrl.

BANK

Reykjavík, February 19th, 2009

**The Bankrupt Estate of Samson Eignarhaldsfélag ehf.**

Att: Helgi Birgisson
Forum Lögmenn ehf.
Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Iceland

This report is issued upon the request from the bankrupt estate of Samson Eignarhaldsfélag ehf. (Samson) regarding the proposed cooperation with S2 Fjárfestingar ehf. (S2) as outlined in the Letter of Intent between these parties, dated January 30th, 2009.

MP Bank hf. (MPB) has reviewed the material presented by the management of Novator Properties Limited (NP) and is using this material as well as interviews with the CEO of NP, Mr. Sveinn Björnsson, as a base for its main findings.

Due to the situation on the global market it is not possible to conduct a valuation of the current value of the real estates of NP. Instead, the management of NP has prepared a work-out plan, where estimated Net Asset Value (NAV) is calculated, as the management of NP sees the company going forward.

According to the management, NP has ceased all new development projects and will thus not be taking on new investments. NP will be focusing on asset management going forward and liquidating the current assets. Roughly 70% of NP's real estate portfolio is leased on long term rental agreements and are as such self sustainable in term of cash requirements.

Despite having fairly solid portfolio´s of real estates, many of which are self sustainable in the sense that the rental income covers servicing of debt and maintenance, NP faces many challenges. The frozen credit market and lack of demand for real estate investments has deteriorated the value of NP.

In accordance to the Letter of Intent dated January 30th, 2009, the management has prepared a "work-out" plan for the liquidation of the company, that should recover some of

Skipholt 50d
105 Reykjavík
Iceland
Tel +354 540 3200
Fax +354 540 3201
info@mp.is

www.mp.is

the value in the portfolio over a period of 5 years. This time frame is forecasted to be sufficient for the commercial and residential real estate market to recover and divest properties on a continuous basis or through at complete sale of the company/portfolio.

Finally, according to the management, NP could be used as a vehicle to take over and manage property portfolios from the owners (creditors). This way, creditors would be able to off-load distressed properties from their balance sheets.

The management has prepared a rough estimate of NP's net proceeds at exit under the assumptions of the "work-out" plan, but it must be emphasized that the estimate is associated with great uncertainty and depends on a loosely defined course of events. The main source of risk is the speed of the real estate market's recovery, thus the actual sale prices and timing of sales.

From the management's "work-out" plan it appears that the net equity after the liquidation of NP in 5 years will be approx. EUR 66.9m. This calculation resembles the; net proceeds from dividends and sale of assets, the fixed management costs, interest payments to STRB and the other costs estimated to incur until exit. The calculation is simplified as it does not account for the time-value-of-money and it does not project any change in the CIBOR rate, to which the STRB loan is linked. The calculation further assumes that both the receivables and the cash in LAIS LUX will be received in full.

Translating the net equity into the terms of the STRB loan and the new ownership structure, according to the Letter of Intent from January 30th, the proceeds would be distributed as follows:

| Exit liquidation split | | |
|---|---|---|
| STRB | 30.00% | 20,057,582 |
| NewCo | 48.30% | 32,292,706 |
| **Bankrupt estate of Samson** | **33.81%** | **22,604,894** |
| S2 Management | 14.49% | 9,687,812 |
| Other Shareholders | 21.70% | 14,508,317 |

**Conclusion**

MPB has evaluated the proposed cooperation with S2 as outlined in the Letter of Intent dated January 30th, 2009.

Skipholt 50d
105 Reykjavik
Iceland
Tel +354 540 3200
Fax +354 540 3201
info@mp.is
www.mp.is

It is the opinion of MPB that the managements "work-out" plan builds on sound and not over-optimistic estimates. With the proposed offer of cooperation, the management of NP ratifies their interest and incentive to take NP forward as well as their belief in the cooperation and the likelihood of success. The risk associated with the "work-out" plan should however not be neglected. NP will face a difficult period with little margin for error.

It is the opinion of MPB that the control of the Class A voting shares makes the stake in NP much more attractive as Samson indirectly will be the majority shareholder with full control of NP. Having full control of the company will make it easier to sell the stake held in NP prematurely to the liquidation of the company.

In the opinion of MPB two main issues deserves special attention regarding the decision to be taken:

1) Samson should consider whether it is ready to inject an additional EUR 3.85m considering the risk and uncertainty associated with the "work-out" plan. Is the estimated upside of EUR 22.6m in the end of 2013 attractive to Samson? If the market recovers quicker than anticipated in the "work-out" plan the return could be significantly larger than the forecasted EUR 22.6m. Injecting money in a distressed company is however risky and may result in a complete loss.

   If the offer of cooperation with S2 dated January 30th, 2009, is accepted Samson will have to fulfil its commitment and inject EUR 3.85m in the company. In return, Samson will gain an indirect controlling majority stake in NP with an estimated exit value of EUR 22.6m in 2013.

2) The front man of S2 and CEO of NP, Mr. Sveinn Björnsson, informed MPB and the administrator of Samson verbally that The Offer dated January 23rd, 2009, can be reinstated.
   The offer dated January 23rd, 2009, means that Samson will be released of its commitment to NP of EUR 3.85m and receives an estimated amount of EUR 9.7m according to the "work-out" plan. In this case the Class A voting right shares will remain in the ownership of S2, meaning that it Samson will have no voting power making it very difficult to sell the 30% stake in NewCo prematurely.

Skipholt 50d
105 Reykjavik
Iceland
Tel +354 540 3200
Fax +354 540 3201
info@mp.is

www.mp.is

It is crucial for NP's future that either option 1) or 2) is decided upon at today's meeting in order for the management to be able to focus on the operation of the company and provide some certainty about the company's short-term future. Furthermore, according to the management, STRB has given the impression that if no decision is taken, an extension of the loan will not be granted and NP will be taken over. The result hereof will be that Samson's 69% Class B stake will be worthless.

On behalf of MP Bank hf. - Corporate Finance

Reykjavík, February 19th, 2009

Christian Uttrup

Skipholt 50d
105 Reykjavik
Iceland
Tel +354 540 3200
Fax +354 540 3201
info@mp.is

www.mp.is